

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 21. júlí 2022
UST202207-091/B.S.
10.05.04

Efni: Framkvæmd - lagnaskurður við Reykjanesvita. Umsögn

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar dags. 6. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða gröft á lagnaskurði fyrir ferskvatnslögn og háspennustreng að Reykjanesvita um 2 km leið frá tengistað við afleggjara að STOLT og borholu RN29. Framkvæmdasvæðið er að mestu innan iðnaðarlóðar. Ráðgert er að grafa strenginn að talsverðum hluta í öxl Reykjanesvitavegar.

Að framkvæmdum loknum verður háspennulína á sama svæði rifin. Af gögnum að dæma virðist lagnaleiðin þar sem hún víkur frá Reykjanesvitavegi vera vel valin og rask ætti að verða óverulegt, sérstaklega ef vandað verður til verksins og frágangs skurðarins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir að öðru leyti.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur